Umhverfis- og orkustofnun

fyrsta útgáfa
júní 2025

# Leiðarvísir um gæðaþætti og mælieiningar skilagáttar stjórnar vatnamála

Gögn sem eru skiluð til Umhverfis- og orkustofnunar í gegnum skilagátt stjórnar vatnamála eru notuð til að meta þá gæðaþætti sem segja til um ástand vatnshlota samvkætm lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Í þessum leiðbeiningum eru gefin yfirsýn yfir þá gæðaþætti sem á að skila í skilagátt stjórnar vatnamála ásamt upplýsningum um það í hvaða einingum gögnin eiga að vera þegar þeim er skilað. Í skilagáttina skal einungis setja inn gögn  frá vöktunarstöðvum og þá gæðaþætti sem notaðir eru til að vakta ástand vatnshlota samkvæmt stjórn vatnamála.

## Efnisyfirlit


1 Strandsjó ..... 2

1.1 Líffræðilegir gæðaþættir strandsjávar ..... 3

1.2 Efna- og eðlisefnafræðilegir gæðaþættir strandsjávar ..... 4

2 Straumvatnshlot ..... 5

2.1 Vistfræðilegir gæðaþættir straumvatns ..... 6

2.2 Eðlis- og efnafræðilegir gæðaþættir straumvatns ..... 7

3 Stöðuvatnshlot ..... 8

3.1 Vistfræðilegir gæðaþættir stöðuvatns ..... 9

3.2 Eðlis- og efnafræðilegir gæðaþættir stöðuvatns ..... 10

4 Forgangsefni ..... 11

# 1 Strandsjó

*Tafla 1. Gæðaþættir og matsþættir sem á að skila vöktunargögnum fyrir, og hlekkir á leiðbeiningum um sýnatökur og mat á gæðaþáttum strandsjávar*

| Líffræðilegir gæðaþættir | Matsþættir | Upplýsingar um aðferðafræði við sýnatökur og mat |
|---|---|---|
| Svifþörungar | • Blaðgræna a (µg/l) | Leiðbeiningar um söfnun sýna til mælinga á blaðgrænu a og næringarefnum í sjó |
| Hryggleysingjar á mjúkum botni | • Gæðavísirinn NQI1 (Norwegian Quality Index 1) | Leiðbeiningar um söfnun sýna til greininga á botnlægum sjávarhryggleysingjum á mjúkum botni<br>Leiðbeiningar fyrir útreikninga á NQI1 og AMBI fyrir ástandsflokkun strandsjávar |
| Botnþörungar á hörðum botni | • Tegundafjölbreytni<br>• Hlutfall grænþörunga (%)<br>• Hlutfall rauðþörunga (%)<br>• Hlutfall tækifæristegunda (%)<br>• Lýsing fjöru | Leiðbeiningar fyrir vettvangskönnun á botnþörungum á hörðum botni í strandsjó |

| Eðlis- og efnafræðilegir gæðaþættir | Matsþættir | Upplýsingar um aðferðafræði við sýnatökur og mat |
|---|---|---|
| Næringarefni | • Nítrat: NO3 (µmól/l) eða NO3-N (µg/l)<br>• Fosfat: PO4 (µmól/l) eða PO4-P (µg/l) | Leiðbeiningar um söfnun sýna til mælinga á blaðgrænu a og næringarefnum í sjó |
| Forgangsefni | • Viðeigandi efni á forgangsefnaskrá | Forgangsefni og umhverfisgæðakröfur þeirra má sjá á lista III reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns |

## 1.1 Líffræðilegir gæðaþættir strandsjávar

*Tafla 2. Yfirlit yfir líffræðilega gæðaþætti og matsþætti sem skal skila vegna vöktunar standsjávar. Fjallað er um hvern gæðaþátt, matsþátt, sýnatökutímabil sem vöktun skal fara fram, sýnatökustaði, ásamt skilum á niðurstöðum.*

| | Matsþáttur | Sýnatökutímabil | Sýnatökustaður | Skil á niðurstöðum |
|---|---|---|---|---|
| **Blaðgræna** | Magn blaðgrænu a í sýnum sem safnað er í sjó er óbeinn mælikvarði á lífrúmmál svifþörunga sem þar lifir. | Mæla skal blaðgrænu á tímabilinu **mars til október**. | Blaðgrænusýnum skal safnað á **minna en 5 metra dýpi**. | Mælingar á blaðgrænu skulu settar fram í einingunni **µg/l.** Ef fleiri en eitt sýni er tekið á sömu stöð samdægurs skal skila meðaltal af þeim. Séu sýnatökustöðvar margar skal **skila niðurstöðum fyrir hverja sýnatökustöð** þ.e. ekki meðaltal stöðvanna. |
| **Hryggleysingjar á mjúkum botni** | Hryggleysingjar á mjúkum botn strandsjávar eru gæðaþáttur sem notaður er til að meta áhrif mengunar á botni. | Endurteknar sýnatökur á hryggleysingjum á mjúkum botni skulu fara fram á **sama tíma ársins**, ekki skiptir máli hvenær innan ársins. | Mjúkur botn er hafsbotn þar sem hlutfall fínefna (leir og leiðja) er ríkjandi. Við endurteknar sýnatökur í vatnshloti (s.s. vöktun) er mikilvægt að ávallt sé farið **á sama sýnatökustað**. | Skila skal útreiknuðu **NQI1**-gildi fyrir hverja vöktunarstöð í skilagáttina. Heildarflatarmál sýnatöku á hverri stöð má ekki vera minna en 0,1 $m^2$. Þegar tegundagreiningu sýna er lokið skal sameina tegundalistana frá öllum botngreiparsýnum fyrir viðkomandi stöð og reikna út NQI1 út frá því og fá þannig eitt NQI1 gildi fyrir hverja vöktunarstöð í vatnshlotinu |
| **Stórþörungar á hörðum botni** | Mat á stórþörungum byggir að meginhluta á því að greina tegundasamsetningu botnþörunga sem finnast á hörðum botni og þeirri fjörugerð sem er ríkjandi á hverjum vöktunarstöð. | Sýnataka skal fara fram í **júlí eða ágúst** þegar tækifæristegundir eru enn til staðar og fjölbreytnin er mest. | Sýnataka skal fara fram um **stórstraumsfjöru** (≤ +0,3m). | Í skilagáttinni skal einungis skila eftirfarandi þáttum:<br>• **Tegundafjölbreytni botnþörunga**<br>• **Hlutfall grænþörunga (%)**<br>• **Hlutfall rauðþörunga (%)**<br>• **Hlutfall tækisfæristegunda (%)**<br>Upplýsingar um tegundagreiningu þörunga og ástandsflokkun má finna í skýrslunni Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar[1]. |

[1] Guðmundsdóttir, Rakel. o.fl. (2022). V*istfræðileg viðmið við ástandsflokkun strandsjávar*. HV 2022-39. Hafrannsóknastofnun.

## 1.2 Efna- og eðlisefnafræðilegir gæðaþættir strandsjávar

*Tafla 3. Yfirlit yfir eðlis- og efnafræðilega gæðaþætti og matsþætti sem skal skila vegna vöktunar standsjávar. Fjallað er um hvern gæðaþátt, matsþátt, sýnatökutímabil sem vöktun skal fara fram, sýnatökustaði, ásamt skilum á niðurstöðum.*

| | Matsþáttur | Sýnatökutímabil | Sýnatökustaður | Skil á niðurstöðum |
|---|---|---|---|---|
| **Efnafræðilegir gæðaþættir** | Til efnafræðilegra gæðaþætta strandsjávar teljast næringarefni (**nítrat** og **fosfat**) og **forgangsefni**. Upplýsingar um mælingar á forgangsefni eru í kafla 4.<br><br>Mælingar á styrk næringarefnanna nítrati (NO3) og fosfati (PO4) gefa góða vísbendingu um ástand vatnshlota m.t.t. ofauðgunar. | Sýnum sem safnað er til mælinga á næringarefnum í sjó skal safnað að vetri (**janúar til febrúar**). | Við endurteknar sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að ávallt sé farið á **sama sýnatökustað** og að sýnum sé safnað á svipuðum tíma innan hvers árs. Sýni eru tekin **úr efstu lögum sjávar (um 50–100 cm dýpi)**. | Skila skal gögnum um nítrat (NO3) og fosfati (PO4) í einingunni **µmól/l**.<br><br>**Aðeins þarf að skrá gögn fyrir yfirborðssýni** (um 50–100 cm dýpi), með dýpi skráð sem 0. Ef tekin eru fleiri sýni samdægurs á sömu stöð skal eitt vera yfirborðssýni og dýpi og sýnanúmer (0–50) fylgja öllum sýnum.<br><br>Ef efni mældist undir magngreiningarmörkum skal alltaf skila upplýsingum um þau magngreiningarmörk sem rannsóknarstofan hefur gefið upp sérstaklega í niðurstöðunum. |

Umhverfis- og orkustofnun

## 2 Straumvatnshlot

*Tafla 4. Gæðaþættir og matsþættir sem á að skila vöktunargögnum fyrir, og hlekkir á leiðbeiningum um sýnatökur og mat á gæðaþáttum straumvatns*

| Líffræðilegir gæðaþættir | Matsþættir | Upplýsingar um aðferðafræði við sýnatökur og mat |
|---|---|---|
| Fiskur | • Tegunda- samsetning fiska | Skýrsla um laxfiska sem gæðaþátt við ástandsflokkun ferskvatns á Íslandi |
| Botnþörungar | • Blaðgræna á steinum (µg/cm$^2$) | Leiðbeiningar um söfnun sýna til mælinga á blaðgrænu a í straum- og stöðuvötnum, auk mælinga á blaðgrænu a með handmæli |
| Hryggleysingjar | • Tegundaauðgi<br>• Shannon fjölbreytileiki<br>• Shannon jafndreifni | Leiðbeiningar um söfnun sýna til greininga á hryggleysingjum og söfnun á púpuhömum rykmýs í straum- og stöðuvötnum |

| Efna- og eðlisefnafræðilegir gæðaþættir | Matsþættir | Upplýsingar um aðferðafræði við sýnatökur og mat |
|---|---|---|
| Rafleiðni | • Rafleiðni (µS/cm) | Leiðbeiningar um söfnun vatnssýna og mælingar með handmælum á eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum í straum- og stöðuvötnum |
| Súrnunarástand | • Sýrustig (pH) – Lækkun á pH | |
| Basavirkni | • Basavirkni (meq/l) | |
| Súrefni | • Súrefni (mg/l) | |
| Næringarefni | • Nítrat: NO3 (µmól/l) eða NO3-N (µg/l)<br>• Fosfat: PO4 (µmól/l) eða PO4-P (µg/l)<br>• Ammoníum NH4 (µmól/l) eða $NH_4$-N (µg/l) | |
| Forgangsefni | • Viðeigandi efni á forgangsefnaskrá | Forgangsefni og umhverfisgæðakröfur þeirra má sjá á lista III reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns |

## 2.1 Vistfræðilegir gæðaþættir straumvatns

*Tafla 5. Yfirlit yfir líffræðilega gæðaþætti og matsþætti sem skal skila vegna vöktunar straumvatns. Fjallað er um hvern gæðaþátt, matsþátt, sýnatökutímabil sem vöktun skal fara fram, sýnatökustaði ásamt skilum á niðurstöðum..*

| | Um gæðaþátt | Sýnatökutímabil | Sýnatökustaður | Skil á niðurstöðum |
|---|---|---|---|---|
| **Botnþörungar** | Mælingar á blaðgrænu eru notaðar sem matsþátt til að meta ástand botnþörunga í straumvatni. | Sýnum skal safnað yfir sumartímann (**júní til september**) | Ekki skal safna sýnum rétt neðan við ármót, innstreymi lækja eða afrennslis úr skruðum. | Fyrir blaðgrænu í straumvötnum skal nota mælieininguna **µg/cm2**. Ef fleiri en eitt sýni er tekið á sama stað samdagurs skal skila meðaltal af þeim. Hins vegar skal **skila niðurstöðum fyrir blaðgrænu á hverri sýnatökustöð** þ.e. ekki meðaltal stöðvanna. |
| **Hryggleysingjar** | Þrír mismunandi matsþættir eru notaðir til að meta ástand hryggleysingja í straumvötnum, þ.e. tegundaauðgi (e. taxa richness), Shannon fjölbreytileiki (e. diversity) og Shannon jafndreifni (e. evenness). | Sýnatökur skulu fara fram á tímabilinu frá **miðjum ágúst fram í miðjan september** og helst ekki síðar en fyrir septemberlok. | Sýnatökustaðir skulu valdir **þar sem nokkur straumur er**, t.d. á brotum, en forðast skal að taka sýni í hyljum, lygnum eða flúðum. Miða skal við að taka **10 sýni á hverri sýnatökustöð** á hnitum sem valin eru fyrir fram af handahófi. | Skila skal niðurstöðum fyrir:<br>• **Tegundaauðgi (N0)**<br>• **Shannon jafndreifi (E)**<br>• **Shannon fjölbreytileika (N1)**<br><br>Skila skal niðurstöðum á hverri sýnatökustöð þ.e. ekki meðaltal stöðvanna.<br><br>Frekari upplýsingar um útreikning matsþætta má finna í leiðbeiningum Veðurstofu Íslands um vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi[2]. |

[2] Eiríksdóttir, E. S., o.fl. (2020). Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi (Skýrsla VÍ 2020-009). Veðurstofa Íslands.

## 2.2 Eðlis- og efnafræðilegir gæðaþættir straumvatns

*Tafla 6. Yfirlit yfir eðlis- og efnafræðilega gæðaþætti og matsþætti sem skal skila vegna vöktunar straumvatns. Fjallað er um hvern gæðaþátt, matsþátt, sýnatökutímabil sem vöktun skal fara fram, sýnatökustaði ásamt skilum á niðurstöðum..*

| | Um gæðaþátt | Sýnatökutímabil | Sýnatökustaður | Skil á niðurstöðum |
|---|---|---|---|---|
| **Eðlisfræðilegir gæðaþættir** | Eðlisfræðilegir gæðaþættir eru notaðir til stuðnings líffræðilegum gæðaþáttum við mat á vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatns. Til eðlisfræðilegra gæðaþætta straumsvatna teljast **sýrustig** (pH), **súrefni**, **basavirkni**, og **rafleiðni**. | Sýnatökur á eðlisfræðilegum gæðaþáttum eiga að fara fram **fjórum sinnum á ári**; að vori, sumri, hausti og vetri. | Við endurtekna sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að ávallt sé farið á nákvæmlega **sama sýnatökustað**.<br>Skila skal niðurstöðum á hverri sýnatökustöð þ.e. ekki meðaltal stöðvatna. | • **Sýrustig - pH**<br>• **Súrefni - mg/L**<br>• **Basavirkni - meq/l**<br>• **Leiðni - µS/cm** |
| **Efnafræðilegir gæðaþættir** | Efnafræðilegir gæðaþættir eru notaðir til stuðnings líffræðilegum gæðaþáttum við mat á vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatns. Til efnafræðilegra gæðaþætta straumsvatna teljast **nítrat**, **fosfat**, **ammóníum**, og **forgangsefni**. Upplýsingar um mælingar á forgangsefni eru í kafla 4. | Sýnatökur á nítrati, fosfati, og ammóníum eiga að fara fram **fjórum sinnum á ári**; að vori, sumri, hausti og vetri. | Við endurtekna sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að ávallt sé farið á nákvæmlega **sama sýnatökustað**.<br>Skila skal niðurstöðum á hverri sýnatökustöð þ.e. ekki meðaltal stöðvatna. | • Skila má gögnum um nítrat sem **NO3 í einingunni mmól/l** <u>eða</u> **NO3-N í einingunni µg/l**.<br>• Skila má gögnum um fosfat sem **PO4 í einingunni µmól/l** <u>eða</u> **PO4-P í einingunni µg/l**.<br>• Skila má gögnum um ammóníum sem **NH4 í einingunni µmól/l** <u>eða</u> **NH4-N í einingunni µg/l**. |

Umhverfis- og orkustofnun

# 3 Stöðuvatnshlot

*Tafla 7. Gæðaþættir og matsþættir sem á að skila vöktunargögnum fyrir, og hlekkir á leiðbeiningum um sýnatökur og mat á gæðaþáttum stöðuvatns*

| Líffræðilegir gæðaþættir | Matsþættir | Upplýsingar um aðferðafræði við sýnatökur og mat |
|---|---|---|
| Fiskur | • Tegunda- samsetning fiska | Skýrsla um laxfiska sem gæðaþátt við ástandsflokkun ferskvatns á Íslandi |
| Svifþörungar | • Blaðgræna (µg/l) | Leiðbeiningar um söfnun sýna til mælinga á blaðgrænu a í straum- og stöðuvötnum, auk mælinga á blaðgrænu a með handmæli |
| Hryggleysingjar | • Shannon jafndreifni<br>• Shannon fjölbreytileiki<br>• Tegundaauðgi<br>• LAMI stuðull | Leiðbeiningar um söfnun sýna til greininga á hryggleysingjum og söfnun á púpuhömum rykmýs í straum- og stöðuvötnum |
| Vatnaplöntur | • TIc stuðull (e. Trophic Index count) | Leiðbeiningar fyrir gróðurkönnun í stöðuvötnum |
| **Efna- og eðlisefnafræðilegir gæðaþættir** | **Matsþættir** | **Upplýsingar um aðferðafræði við sýnatökur og mat** |
| Rafleiðni | • Rafleiðni (µS/cm) | Leiðbeiningar um söfnun vatnssýna og mælingar með handmælum á eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum í straum- og stöðuvötnum |
| Súrnunarástand | • Sýrustig (pH) – Lækkun á pH | |
| Basavirkni | • Basavirkni (meq/l) | |
| Súrefni | • Súrefni (mg/l) | |
| Sjóndýpi | • Secchi dýpi (m) | |
| Næringarefni | • Fosfat PO4 (µmól/l) eða PO4-N (µg/l)<br>• Nítrat NO3 (µmól/l) og/eða NO3-N (µg/l)<br>• Ammoníum NH4 (µmól/l) eða NH4-N (µg/l) | |
| Forgangsefni | • Viðeigandi efni á forgangsefnaskrá | Forgangsefni og umhverfisgæðakröfur þeirra má sjá á lista III reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns |

Umhverfis- og orkustofnun

## 3.1 Vistfræðilegir gæðaþættir stöðuvatns

*Tafla 8. Yfirlit yfir líffræðilega gæðaþætti og matsþætti sem skal skila vegna vöktunar stöðuvatns. Fjallað er um hvern gæðaþátt, sýnatökutímabil sem vöktun skal fara fram, sýnatökustaði ásamt matsþáttum og skilum á niðurstöðum.*

| | Um gæðaþátt | Sýnatökutímabil | Sýnatökustaður | Matsþættir og skil á niðurstöðum |
|---|---|---|---|---|
| **Svifþörungar** | Mælingar á blaðgrænu eru notaðar til að meta ástand svifþörunga. | Sýnum skal safnað yfir sumartímann (**april til september**). | Safna skal vatnssýni úr **efsta lagi vatnsins** á um 50–100 cm dýpi. Varast skal að safna sýnum beint af yfirborði. | Fyrir mælingar á blaðgrænu í stöðuvötnum skal nota mælieininguna **µg/l**.<br>Ef fleiri en eitt sýni er tekið á sama stað samdagurs skal skila meðaltal af þeim. Hins vegar skal **skila niðurstöðum fyrir blaðgrænu á hverri sýnatökustöð** þ.e. ekki meðaltal stöðvanna. |
| **Hryggleysingjar** | og skal framkvæma samkvæmt leiðbeiningum Hafrannsóknarstofnunar , og með hliðsjón af alþjóðlega staðlinum ÍST EN 10870:2012. | Sýntökur skulu fara fram á tímabilinu frá **miðjum ágúst fram í miðjan september** og vera lokið fyrir septemberlok.<br>Við endurtekna sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að sýni séu söfnuð á svipuðum árstíma. | Söfnun hryggleysingja er gerð í **fjörubelti stöðuvatna** (e. littoral zone). Við endurtekna sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að ávallt sé farið á sama sýnatökustað. | Skila skal niðurstöðum fyrir:<br>• **Tegundaauðgi (N0)**<br>• **Shannon jafndreifi (E)**<br>• **Shannon fjölbreytileika (N1)**<br>• **Lami stuðul** |
| **Vatnaplöntur** | Við mat á vatnaplöntum er notaður næringarefnavísir (Trofi-indeks, TIc) sem matsþáttur og byggir hann á tegundasamsetningu vatnaplantna. Notkun hans er hægt að kynna sér í skýrslunni Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi. | Rannóknir eiga að fara fram frá **júlí og fram í byrjun september**. Gæta þarf sérstaklega að því að fara ekki of snemma sumars í stöðuvötn sem eru hátt yfir sjávarmáli. | Eftirfarandi er hægt að hafa sem viðmið um lágmarks fjölda sniða: Eitt langsnið fyrir miðju vatns og 1–6 þversnið með jöfnu millibili. | Skila skal eitt **TIc-gildi** fyrir hvert stöðuvatn sem vaktað er. Frekari upplýsingar um næringarefnavísir (Trofi-indeks, TIc) má finna í leiðbeiningum Hafrannóknastofnunar um vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi[3]. |

[3] Eiríksdóttir, E. S., o.fl. (2020). Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi (Skýrsla VÍ 2020-009). Veðurstofa Íslands.

## 3.2 Eðlis- og efnafræðilegir gæðaþættir stöðuvatns

*Tafla 9. Yfirlit yfir eðlis- og efnafræðilega gæðaþætti og matsþætti sem skal skila vegna vöktunar stöðuvatns. Fjallað er um hvern gæðaþátt, sýnatökutímabil sem vöktun skal fara fram, sýnatökustaði ásamt matsþáttum og skilum á niðurstöðum.*

| | Um gæðaþátt | Sýnatökutímabil | Sýnatökustaður | Matsþættir og skil á niðurstöðum |
|---|---|---|---|---|
| **Eðlisfræðilegir gæðaþættir** | Eðlis- og efnafræðilegir gæðaþættir eru notaðir til stuðnings líffræðilegum gæðaþáttum við mat á vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatns | Sýnatökur á eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum eiga að fara fram **fjórum sinnum á ári**; að vori, sumri, hausti og vetri. | Við endurtekna sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að ávallt sé farið á **nákvæmlega sama sýnatökustað**. | • **Sýrustig - pH**<br>• **Súrefni - mg/L**<br>• **Basavirkni - meq/l**<br>• **Leiðni - µS/cm**<br>• **Sjóndýpi – Meter (m)** |
| **Efnafræðilegir gæðaþættir** | Efnafræðilegir gæðaþættir eru notaðir til stuðnings líffræðilegum gæðaþáttum við mat á vistfræðilegu ástandi yfirborðsvatns. Til efnafræðilegra gæðaþætta stöðusvatna teljast nítrat, fosfat, og forgangsefni. Upplýsingar um mælingar á forgangsefni eru í kafla 4. | Sýnatökur á eðlisefnafræðilegum gæðaþáttum eiga að fara fram **fjórum sinnum á ári**; að vori, sumri, hausti og vetri. | Við endurtekna sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að ávallt sé farið á nákvæmlega sama sýnatökustað.<br>Skila skal niðurstöðum á hverri sýnatökustöð þ.e. ekki meðaltal stöðvatna. | • Skila má gögnum um fosfat sem **PO4 í einingunni µmól/l** eða **PO4-P í einingunni µg/l**.<br>• Skila má gögnum um ammóníum sem **NH4 í einingunni µmól/l** eða **NH4-N í einingunni µg/l**. |

Umhverfis- og orkustofnun

# 4 Forgangsefni

*Tafla 10. Yfirlit yfir matsþætti sem skal skila vegna vöktunar forgansefna í vatni.*

| | Um mælingar | Sýnatökutímabil | Sýnatökustaður | Matsþættir og skil á niðurstöðum |
|---|---|---|---|---|
| **Forgangsefni í vatni** | Forgangsefni eru mæld í vatni til að greina styrk þeirra í vatnsfasa.<br><br>Niðurstöðurnar eru bornar saman við umhverfisgæðakröfur til að meta efnafræðilegt ástand vatnsins.<br><br>Forgangsefni eru gæðaþáttur fyrir alla flokka vatnshlota. | Við endurteknar sýnatökur í vatnshloti er mikilvægt að sýnum sé safnað á **svipuðum tíma innan hvers árs**. | Yfirleitt þarf að taka sýni á fleiri en einum sýnatökustöð ef vatnshlotið er undir áhrifum dreifðrar mengunar eða margra álagsvalda.<br><br>Ef tilgangur sýnatökunnar er að meta áhrif einstakra álagsvalda skal hins vegar velja staðsetningu sem er undir áhrifum forgangsefna frá álagsvaldinum sérstaklega. | Fyrir gögn um forgangsefni í vatni skal nota eininguna **µg/l.**<br><br>Skila skal beinum niðurstöðum fyrir hverja vöktunarstöð, ekki meðaltölum.<br><br>**Aðeins þarf að skrá gögn fyrir yfirborðssýni** (0–1 m), með dýpi skráð sem 0. Ef tekin eru fleiri sýni samdægurs á sömu stöð skal eitt vera yfirborðssýni og dýpi og sýnanúmer (0–50) fylgja öllum sýnum.<br><br>Ef efni mældist undir magngreiningarmörkum skal alltaf skila upplýsingum um þau magngreiningarmörk sem rannsóknarstofan hefur gefið upp sérstaklega í niðurstöðunum. |